

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2003

2017/EES/48/06

frá 14. nóvember 2016

um breytingu á ákvörðunum 2009/300/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB, 2011/383/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur

(tilkynnt með númeri C(2016) 7218) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum c-lið 3. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB <sup>(2)</sup> fellur úr gildi 31. desember 2016.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB <sup>(3)</sup> fellur úr gildi 31. desember 2016.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB <sup>(4)</sup> fellur úr gildi 31. desember 2016.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB <sup>(5)</sup> fellur úr gildi 31. desember 2016.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB <sup>(6)</sup> fellur úr gildi 31. desember 2016.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB <sup>(7)</sup> fellur úr gildi 14. nóvember 2016.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB <sup>(8)</sup> fellur úr gildi 14. nóvember 2016.
- 8) Unnið hefur verið mat til að staðfesta mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna, og hve viðeigandi þær eru, sem og kröfurnar um mat og sannprófun sem til heyra, sem komið var á með ákvörðunum 2009/300/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB, 2011/383/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB. Þar eð enn hefur ekki verið lokið við nýja endurskoðun á núverandi vistfræðilegum viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun, sem eru settar fram í þessum ákvörðunum, er rétt að framlengja gildistíma þessara vistfræðilegu viðmiðana og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun til 31. desember 2017. Því ætti að breyta ákvörðunum 2009/300/EB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB, 2011/383/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 308, 16.11.2016, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/300/EB frá 12. mars 2009 um endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir sjónvörp (Stjtið. ESB L 82, 28.3.2009, bls. 3).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar (Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22).

(4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni (Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir handuppþvottaefni (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 40).

(6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB frá 28. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir alhlíða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 52).

(7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 25).

(8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 38).

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2009/300/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sjónvarpstæki“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2017.“

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/263/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2017.“

3. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/264/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2017.“

4. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/382/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „handuppþvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2017.“

5. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2011/383/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2017.“

6. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2012/720/ESB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2017.“

7. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2012/721/ESB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2017.“

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karmenu VELLA

*framkvæmdastjóri.*

---